

knitty attitude

Bleik brjóst

eftir Knitty Attitude



Að þrjóna eða hekla hluti og skilja eftir í almannarýminu er tiltölulega nýtt á Íslandi. Erlendis kallast þessi gjörningur ýmsum nöfnum, meðal annars *yarn graffiti*, *yarnstorming* og *yarnbombing*. Innanlands hafa nöfnin þrjónagraff og heklgraff verið hvað mest áberandi í umræðunni. Hæglega má einfalda málið og kalla þetta *garngraff* sem vísar þá til þess efniviðar sem unnið er með burtséð frá þeirri aðferð sem er notuð.

Í október 2011 ákvað ég að garngraffa til að vekja athygli á baráttunni gegn brjóstakrabbameini. Hér birtist uppskrift af bleiku brjósti sem er tilvalið til garngraffs.

Garn Kambgarn í tveimur litum, 1 dokka af aðallit, smá afgangur af aukalit. Brjóstið á myndunum er í litum 1222 (ljósbleikur) og 1221 (dekkri bleikur)

Heklunál 3 mm

Tróð til fyllingar

Heklfesta Ekki mikilvæg. Njóttu frelsisins!

Aukið út Heklið tvær fastalykkjur í eina lykkju


Takið úr Stingið heklunálinni í næstu lykkju, dragið bandið í gegn (2 lykkjur á nálinni), stingið nálinni í næstu lykkju og dragið bandið í gegn (3 lykkjur á nálinni), sláið upp á nálina og dragið bandið í gegnum allar 3 lykkjurnar. Tvær lykkjur úr fyrri umferð verða þannig að einni.

Heklið 2 loftlykkjur með aukalitnum. Heklið 6 fastalykkjur í aðra lykkju frá nálinni.

1. umf.: 1 fastalykkja í hverja lykkju = 6 lykkjur.
 2. umf.: * 2 fastalykkjur, aukið út * endurtakið frá * til * út umferðina = 8 lykkjur.
 3. umf.: 1 fastalykkja í hverja lykkju.
 4. umf.: 2 fastalykkjur í hverja lykkju = 16 lykkjur.
 5. umf.: * 1 fastalykkja, aukið út * endurtakið frá * til * út umferðina = 24 lykkjur.
 6. umf.: * 2 fastalykkjur, aukið út * endurtakið frá * til * út umferðina = 32 lykkjur.
 7. umf.: * 3 fastalykkjur, aukið út * endurtakið frá * til * út umferðina = 40 lykkjur.
- Skiptið yfir í aðallit.
8. umf.: * 4 fastalykkjur, aukið út * endurtakið frá * til * út umferðina = 48 lykkjur.

Haldið áfram að hekla með þessum hætti, þannig að fjöldi fastalykkja á milli útaukninga verður alltaf einum meiri en í umferðinni á undan, þannig bætast við 8 lykkjur í hverri umferð. Heklið útaukningar í hverri umferð þar til 104 lykkjur eru í hringnum, síðasta umferðin er þá með 11 fastalykkjum milli útaukninga.

Setjið merki og heklið áfram án útaukninga þar til stykkið mælist um 8 cm. frá merkinu.




Heklið bakhlið:

Stingið nálinni innan í stykkið, niður í efstu brún umferðarinnar á undan og upp í efstu brún umferðarinnar þar á undan (mynd 1). Sækið bandið og dragið í gegn, þá eru tvær lykkjur á nálinni. Sækið bandið aftur og dragið í gegn um báðar lykkjurnar á nálinni (mynd 3). Þá er kominn fastalykkja í innri kant og svoleiðis er haldið áfram allan hringinn. Næsta umferð prjónast svo ofan á fyrstu umferðina í innri kanti og svo koll af kolli þar til lokað hefur verið fyrir.


1. umferð bakhliðar: * 11 fastalykkjur, takið úr * endurtakið frá * til * út umferð.
2. umf.: * 10 fastalykkjur, takið úr * endurtakið frá * til * út umferð.
3. umf.: * 9 fastalykkjur, takið úr * endurtakið frá * til * út umferð.
4. umf.: * 8 fastalykkjur, takið úr * endurtakið frá * til * út umferð.
5. umf.: * 7 fastalykkjur, takið úr * endurtakið frá * til * út umferð.

Haldið áfram að taka úr í hverri umferð á sama hátt þannig að lykkjum milli úrtaka fækki alltaf um eina. Þegar fer að þrengjast er sniðugt að byrja að setja tróð í brjóstið. Síðasta úrtökumferðin er þegar tvær og tvær fastalykkjur eru heklaðar saman út umferðina, þá verður allt tróðið sem á að fara í brjóstið að vera komið inn í það. Lokið bakhliðinni með því að stinga nálinni í þriðju lykkju frá nálinni, sláið upp á og dragið bandið í gegn, sláið aftur upp á, slítið frá og dragið alla leið í gegn.


Felið endann og þuklið brjóstið til að jafna tróðið. Notið kantinn sem myndast til að festa við prjónaðan eða heklaðan bút og skreytið umhverfi ykkar eftir smekk og löngun.



Mynd 1: Stingið nálinni niður í efstu brún umferðarinnar á undan (þar sem svarta örin vísar) og upp í efstu brún umferðarinnar þar á undan (þar sem hvíta örin vísar).



Mynd 2: Hér hefur nálinni verið stungið ofan í og aftur upp.



Mynd 3: Hér er kominn fastapinni í innri kant og svoleiðis er haldið áfram allan hringinn. Næsta umferð prjónast svo ofan á fyrstu umferð innri kants (þar sem svarta örin vísar) og svo koll af kolli þar til lokað hefur verið fyrir.